

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1962—1983.

Hinn 25. febrúar 1981 hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að landspilda 0.8 ha að stærð austan Óskjuhlíðarskóla og sunnan væntanlegs Bústaðavegar breytist úr stofnanasvæði í íbúðarsvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 6. apríl 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins
á samþykkt byggingarsamvinnufélags.

Samkvæmt V. kafla laga nr. 30 12. maí 1970 sbr. lög nr. 51 30. apríl 1973 hefur ráðuneytið í dag staðfest samþykktir fyrir Byggingarsamvinnufélag Hafnfirðinga.

Félagsmálaráðuneytið, 8. apríl 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.